

Nð.

226. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um sparisjóði.

Frá Einari Arnórssyni og Bjarna Jónssyni frá Vogu.

1. Í 4. gr. fali burt orðin: „eða leyfis stjórnarráðsins“.
2. Við fyrri málsg. 9. greinar bætist:
Ef samanlagt innstaðufje sparisjóðs nemur eigi 100 þúsundum króna, geta þó stjórnendur sjóðsins annast bóka- og gjaldkerastörf.

3. Í sömu málsg. falli burt setningin: „en skuldbindandi er kvittun með-undirrituð af bókara“.
4. Við 11. gr. Aftan við 4. málsg. bætist ný málsgrein svolátandi:
Enn fremur skal hver sparisjóður hafa gjörðabók, er í sje skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánsynjanir, lántökur og annað slíkt.
5. Við 12. gr.
 - a) *Aðaltillaga*: 3. málsgrein falli burt.
 - b) *Til vara*: Fyrir „5%“ komi: 3%.
6. Fyrsta málsg. 15. gr. orðist svo:
Ársarð allan af rekstri hvers sparisjóðs, að kostnaði og vöxtum, samkvæmt 3. gr., frádregnum, skal leggja í varasjóð.
7. Við 16. gr. Geinin orðist svo:
Varasjóður sparisjóða skal vera í tryggum og auðseldum verðbrjefum eða í innieign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir en svo, að 5% nemi af samanlögðu innstæðufje sjóðsins, eins og það var í árslok næstu á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðs neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.
8. 2. málsg. 19. gr. orðist þannig:
Skuldheimtumenn sparisjóðsins geta þá tekið ákvörðun um það, hvort þess skuli krafist, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar eða eigi.
9. Orðin: „af einhverjum ástæðum“ í 20. gr. 1. línu falli burt.
10. Í 22. gr. falli burt orðin: „kyrsetning og“.